

Mál nr. 15/2008

(M, ökumaður)

og

Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar A

og

Vátryggingafélagið Y v/bifreiðarinnar B

Árekstur í Bæjarhrauni í Hafnarfirði, þann 20.11.2007.

Gögn.

- 1) Málskot, móttakið 30.01.2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf X til nefndarinnar, dags. 13.02.2008.
- 3) Bréf Y til nefndarinnar dags. 25.02.2008.

Málsatvik.

Ökumaður bifreiðarinnar B ók úr hringtorgi við Bæjarhraun í Hafnarfirði. Á akrein hans var hindrun, en snjó hafði verið rutt af veginum með þeim hætti að ökumenn á leið úr torginu áttu ekki annarra kosta völ en að aka yfir á akrein mótumferðar til að komast leiðar sinnar. Ökumaður B ók yfir óbrotna línu, er skilur akreinarnar að, og rakst framan á bifreiðina A sem kom úr gagnstæðri átt.

Ökumaður B kvaðst hafa verið á 20 km hraða og bremsað í því skyni að forða árekstri, líkt og M, en án árangurs. Bremsuför hafi verið jafnlöng eftir báða bílana. Hálka var á veginum. Ökumaður B telur að M hefði getað forðað árekstrinum, hefði hann ekið bifreið sinni upp í snjótroðninga.

M kveðst hafa ekið bifreið sinni eins utarlega og mögulegt var á akrein sinni; alveg utan í kantsteinana, til að forðast árekstur. Bifreið B hafi hins vegar verið komin yfir á rangan vegarhelming og árekstur óhjákvæmilegur.

Álit.

Engum vitnum er til að dreifa og eru ökumenn einir til frásagnar um áreksturinn og tildrög hans. Óumdeilt er að snjóruðningur hindraði för um akrein B, að hálka var á vettvangi og að óbrotin lína var milli akreina B og A. Óbrotin hindrunarlína milli umferðar í gagnstæðar áttir gefur til kynna að hættulegt sé að aka yfir hana og óheimilt nema brýna nauðsyn beri til.

Á afstöðumynd af vettvangi, sem teiknuð er á sameiginlega tjónstilkynningu ökumanna, kemur fram hver staða bifreiðanna var þegar áreksturinn varð. Samkvæmt gögnum málsins er sannað að B var ekið yfir á rangan vegarhelming. Við þessar aðstæður voru yfirborðsmerkingar á veginum illsjáanlegar. Eins og mál þetta liggur fyrir verður þó að draga þá ályktun að ökumaður B hafi ekki gætt nægjar varúðar er hann ók úr hringtorginu umrætt sinn, í hálku og snjó. Ef hindrun er á hluta vegar skal sá ökumaður nema staðar, sem er þeim megin á akbrautinni, sem hindrunin er, sbr. 19. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt þessu bar ökumanni B að nema staðar uns A var kominn fram hjá hindruninni á akrein þess fyrnefnda. Ekki verður séð að M hafi hagað akstri sínum með þeim hætti að sök verði felld á hann. Ökumaður B ber því alla sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík 11. mars 2008

Sigríður Rafnar Pétursdóttir

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.